


SAMBAND VEITINGA- OG GISTIHÚSA
 THE ICELANDIC HOTEL AND RESTAURANT ASSOCIATION
 HAFNARSTRÆTI 20 · 101 REYKJAVÍK
 Símar: 27410 & 621410 · TELEFAX 27478



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
 Hr. formaður Vilhjálmur Egilsson,

Alþingi

Erindi nr. Þ 116 / 589

Komudagur 14 / 12 1992

Reykjavík 14. desember 1992

EFNI: FRUMVARP TIL LAGA UM SKATTAMÁL

Í svarbréfi þessu verður einungis dregið á þau ákvæði sem hafa umtalsverð áhrif á rekstur hótela og veitingahúsa.

Virðisaukaskattur á hótulgistingu

Á haustmánuðum fóru fram viðræður við fulltrúa stjórnvalda um það hvernig hægt væri að bæta rekstrarskilyrði ferðapjónustu í síaukinni samkeppni á alþjóðavettvangi. Það var því mikið áfall fyrir ferðapjónustuna að svarið skyldi verða aukin skattheimta.

SVG hefur lagt fyrir fjármálaráðuneytið útreikninga úr rekstrarreikningum 5 hótela til að sýna fram á hina raunverulegu viðbótarskattheimtu. Að teknu tilliti til þess innskatts sem umrædd 5 hótél sátu uppi með á síðasta ári og er rúm 3% af tekjum og að teknu tilliti til lækkunar tryggingagjalds úr 6% í 2 1/2% er viðbótarskattheimta þessara hótela að meðaltali 7,2% af gisti-tekjum.

Þessi niðurstaða stingur óneitanlega í í stúf við meginmarkmið efnahagsáæðgerðanna, sem er samkvæmt frumvarpinu "að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs, einkum gagnvart vaxandi erlendri samkeppni, og hamla gegn auknu atvinnuleysi". Útlendingar eru tæplega 60% hótulgesta auk þess sem ferðapjónusta er einhver vinnuaflfrekasta atvinnugrein landsins.

Allir stjórnvaldaflokkar hafa lagt áherslu á að ferðapjónusta sé nánast eini vaxtabroddurinn í íslensku atvinnulífi og því beri að leggja áherslu á að hlúa að henni, en gífurlegur innlendir kostnaður s.s. innkaup landbúnaðarvara, hefur verið mikið vandamál, ekki síst þegar búið er að leggja 24.5% virðisaukaskatt á hann.

Ef stjórnvöld eru ákveðin í að leggja 14% virðisaukaskatt á hótulgistinguna, þá hafa SVG og VSÍ bent á nauðsyn þess að gefa einhvern aðlögunartíma. Mikill kostnaður er bundinn í uppsöfnuðum sölu- og virðisaukaskatti á hótulbyggingum landsins svo og varanlegum rekstrarvörum.

SVG og VSÍ hafa lagt fram eftirfarandi tillögu:

Starfandi heilsárshótelum verði heimilað að fara sem svarar 10% af brunabótamati þess hluta fasteignar, sem nýttur er fyrir gistihúsarekstur, sem uppsafnaðan innskatt til frádráttar álögðum útskatti. Við uppgjör á árinu 1994 verði þeim heimilt að telja

- 2 -

til frádráttar sem innskatt 6/14 hluta útskatts, 5/14 hluta á árinu 1995 og skal hlutfall þetta fara lakkandi um 1/14 á ári þar til ekkert stendur eftir eða þar til úrskurðað heimild til frádráttar er að fullu nýtt.

Ef þessi aðferð til aðlögunar og til að jafna stöðu starfandi hótela og nýrra þykir of flókin er eins hægt að fara þá leið að ákveða að VSK leggist á gistinguna í áföngum og verði þá 8% í. árið og hækki um 1% á ári, þar til 14% er náð.

Tryggingagjald

Samband veitinga- og gistihúsa hefur í mörg ár barist fyrir því að tryggingagjald (áður launaskattur) yrði lækkað á ferðapjónustufyrirtækin og yrði hið sama sem landbúnaður, sjávarútvegur og iðnaður hafa búið við. Það er því fagnaðarefni að hann skuli lækkaður og ferðapjónusta þar með flokkuð með öðrum samkeppnisgreinum.

Aðstöðugjald

SVG fagnar því að aðstöðugjaldið skuli loks aflagt.

Skattrannsóknarstjóri

SVG hefur í fjöldamörg ár reynt að benda stjórnvöldum á gífurlega stóran svartan markað í veitingarekstri, en án árangurs. Jafnvel þótt alls kyns dæmi hafi verið lögð fyrir skattayfirvöld, jafnvel fjármálaráðherra á hverjum tíma, hafa allar ábendingar verið látnar sem vind um eyru þjóta. Sumar staðar virðist svört atvinnustarfsemi jafnvel vera undir verndarvæng stjórnvalda á staðnum. Dolinmæði þeirra fyrirtækja, sem standa í skilum með skatta og gjöld til hins opinbera, er fyrir löngu þrotin. Vonandi verða nýjar reglur meir en orðin tóm.

Virðingarfyllst
SAMBAND VEITINGA OG GISTIHÚSA

Erna Hauksdóttir
Erna Hauksdóttir
frankvændastjóri